

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## II. HLUTI

### Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs:	Þjóðhagfræði		
Prófdagur:	28. janúar 2015	Kl.:	16 - 20
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	7 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Engin hjálpargögn leyfileg, má nota venjulega reiknivél sem ekki hefur textaminni eða er hægt að forrita.	Fylgiblöð:	Engin

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Gætið þess að lesa spurningarnar vel og svara öllu sem beðið er um. Gætið þess að merkja ása á myndum sem þið teiknið og merkið ferla með skýrum hætti.

Vandið frágang og ritið svör ykkar greinilega. Gangi ykkur vel.


I. **Stuttar spurningar.** Vægi hverrar spurningar er 6%.

1. Í mesta lagi ein eftirtalinna fullyrðinga er rétt. Takið rökstudda afstöðu til hverrar þeirra um sig.
  - a. Verg fjárfesting er hrein fjárfesting að frádregnum afskriftum framleiðslufjármuna.
  - b. Hrein þjóðarframleiðsla er verg þjóðarframleiðsla að frádregnum afskriftum framleiðslufjármuna.
  - c. Landsframleiðsluna er ekki unnt að skilgreina á grundvelli landfræðilegrar staðsetningar á framleiðsluþáttum.
  - d. Í lokuðu hagkerfi með opinberum geira er verg landsframleiðsla jöfn einkaneyslu að viðbættum opinberum útgjöldum.
  
2. Notið neðangreindar upplýsingar til að reikna raungildi launa ársins 2012 miðað við verðlag árið 2011.

Ár	Nafnlaun (tímakaup)	Vísitala neysluverðs
2011	12,5	155
2012	13,0	160

3. Erlendur aðili ákveður að auka fjárfestingu hér á landi. Skiptar skoðanir eru um efnahagslegar afleiðingar þessarar ákvörðunar. Takið rökstudda afstöðu til allra neðangreindra fullyrðinga.
  - a. Viðskiptajöfnuður verður jákvæður.
  - b. Summan af viðskiptajöfnuði og fjármagnsjöfnuði verður jákvæð.
  - c. Úr því fjárfestingin kemur erlendis frá reiknast hún ekki með í vöruskiptajöfnuði.
  - d. Gengi innlends gjaldmiðils styrkist.
  
4. Á fundi seðlabankastjóra vestrænna ríkja í Basel er tekin ákvörðun um samræmda lækkun vaxta til að bregðast við aðstæðum í alþjóðlegum efnahagsmálum. Lýsið stuttlega áhrifum af þessari vaxtalækkun í umheiminum að öðru óbreyttu á eftirspurn eftir krónu og gengi hennar ef á annað borð má vænta einhverra áhrifa hér á landi af slíkri ákvörðun. Við gerum ráð fyrir að gjaldeyrisviðskipti séu frjáls en ekki bundin höftum.

5. Skýrið af hverju aðeins einn eftirfarandi þátta getur stuðlað að því að auka hina náttúrulegu framleiðslugetu þjóðarþúsins og með því hliðrað ferli heildarframboðs til langs tíma.
- Skyndileg og óvænt hækkun á vísitölu neysluverðs eða verðvísitölu þjóðarframleiðslu.
  - Framfarir á tæknisviði.
  - Umtalsverð aukning á heildareftirspurn.
  - Leynilegar en markvissar aðgerðir í peningamálum.
6. Breski hagfræðingurinn John Maynard Keynes setti fram kenningu um eftirspurn eftir peningum. Kenningunni er lýst sem forgangsröðun gagnvart lausu fé (e. theory of liquidity preference). Á myndinni að neðan getur að líta fjórar myndir af peningamarkaðnum merktar (a) – (d) eins og Keynes lýsti honum í kenningu sinni. MS táknar peningaframboð og MD táknar eftirspurn eftir peningum. Hvert þessara línurita lýsir áhrifum þess á peningamarkað að seðlabankinn selji ríkisskuldabréf á opnum markaði? Rökstyðjið svarið.



7. Árið 1998 er verg landsframleiðsla í landi nokkru 250 og 275 árið 1999. Verðvísitala vergrar landsframleiðslu fór úr því að vera 123 árið 1998 í 128 árið 1999. Á milli þessara ára jókst mannfjöldi í landinu um 2,5%. Reiknið á grundvelli þessara upplýsinga hagvöxt á mann á milli ára í þessu landi.

8. Í þjóðhagsreikningum kemur eftirfarandi samhengi fyrir:

$$(S - I) + (T - G) = NX$$

Hér er I fjárfesting (e. investment), G eru opinber útgjöld (e. public expenditure), T eru skattar til hins opinbera (e. taxes), S er innlendir sparnaður (e. national savings), NX er hreinn útflutningur (e. net exports). Til upplýsingar:

$$S = Y - C - T$$

þar sem Y er verg landsframleiðsla (VLF, e. GDP) og C er einkaneysla (e. private consumption).

Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga. Leiðbeining: Ein þeirra er rétt.

- a. Af þessum jöfnum má ráða að enda þótt innlendir sparnaður standi nákvæmlega undir fjárfestingu verður halli á viðskiptum við útlönd ef tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum hins opinbera.
  - b. Túlka má jöfnurnar þannig að afgangur er á viðskiptum við útlönd leiðir sjálfkrafa til afgangi í rekstri hins opinbera.
  - c. Samhengið sem hér er sýnt er of fjarlægt raunveruleikanum til að unnt sé að draga af því marktækar ályktanir nema notast sé við útreikninga á VLF reistum á ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga (e. expenditure approach to national accounts).
  - d. Jöfnurnar gefa til kynna að þrátt fyrir að opinberi geirinn sé rekinn með halla verður afgangur á viðskiptum við útlönd ef innlendir sparnaður stendur jafn fjárfestingu.
9. Hugtakið raungengi gjaldmiðils hefur þýðingu við mat á samkeppnisstyrðum atvinnufyrirtækja. Skýrið hvernig þetta hugtak getur varpað ljósi á starfsskilyrði íslensks atvinnufyrirtækis í samkeppni við erlenda keppinauta.

10. Gerum ráð fyrir að vísitala neysluverðs sé 150 í þessum mánuði og að grunnár vísitölunnar sé 1997. Við spyrjum um kostnað í ljósi þessara upplýsinga. Rökstyðjið svar ykkar um liðinn að neðan sem er réttur.
- Það kostar 100 kr. í dag að kaupa það sem kostaði kr. 150 á grunnárinu.
  - Það kostar eina krónu í dag að kaupa það sem kostaði kr. 150 á grunnárinu.
  - Það kostar 150 kr. í dag að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
  - Það kostar tvö hundruð krónur að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
11. Eftirtaldar fullyrðingar koma fram um áhrif af hækkun á gengi krónunnar við það að hún styrkist á innlendum gjaldeyrismarkaði. Svarið með rökstuddum hætti hvort einhver þessara fullyrðinga eigi við.
- Erlendar vörur eru nú dýrari á Íslandi en áður þrátt fyrir að verðlag erlendis hafi haldist stöðugt.
  - Framboð á krónum er meira en eftirspurn.
  - Gengisvísitala Seðlabanka Íslands (sem felur í sér vegið meðalverð erlendra gjaldmiðla í krónum talið) tekur stökk upp á við.

## II. Ritgerðarspurningar Gilda samtals 34%.

1. Þjóðhagfræðin býr yfir öflugu líkani sem lýsir hvernig raunvextir og raungengi ákvarðast samtímis.
  - a) Gerið vandlega grein fyrir þessu líkani. Lögð er áhersla á myndræna framsetningu og glöggar skýringar. (6%)
  - b) Gerið grein fyrir hreinni fjárfestingu innlendra aðila erlendis sem kallast í kennslubók NCO eða NFI (og við vitum að svarar til fjármagnsjafnaðar eins og hann er skilgreindur í uppgjöri á greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum), og hvernig hún myndar eins konar brú í líkaninu með því að birtast á eftirspurnarhlið eins markaðar og á framboðshlið annars markaðar. (5%)
  - c) Beitið líkaninu til að lýsa áhrifum þess að stjórnvöld taki ákvörðun um hallarekstur á ríkissjóði á helstu stærðir þjóðarbúskaparins sem líkanið tekur til. (6%)

2. Kenningin um hagkvæm myntsvæði (e. optimum currency area) er einkum rakin til kanadíska hagfræðiprófessorsins Roberts Mundells og hlaut hann nóbelsverðlaun í hagfræði 1999.
- a) Gerið grein fyrir hvað átt er við með hugtakinu hagkvæmt myntsvæði. (7%)
  - b) Leggið sjálfstætt mat í ljósi þessarar kenningar á kosti þess og galla í efnahagslegu tilliti að Ísland taki upp evru sem aðili að Evrópska myntbandalaginu (e. European Monetary Union) og reifið helstu álitæfni í þessu sambandi. (10%)